

DAUFBLINDRAFÉLAG ÍSLANDS

The Icelandic Association of the Deafblind
Hamrahlíð 17 105 Reykjavík Iceland

Alþingi
Erindi nr. P 139/2239
komudagur 5.5.2011

Nefndasviðs Alþingis

Reykjavík 4. maí 2011

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík.

Efni: Umsögn Daufblindrafélags Íslands um Frumvarp til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls 533. mál.

Daufblindrafélag Íslands fagnar því að komið sé fram frumvarp til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls. Daufblindrafélag Íslands telur að frumvarpið sé í flesta staði vandað og tekur undir það sem þar kemur fram að flestu leyti.

Hins vegar er orðalag í 3. grein sem að okkar mati þarf að laga.

3. grein frumvarpsins hljóðar svo:

3. gr.

Íslenskt tákn mál.

Íslenskt tákn mál er fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra og afkomenda þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta. Skulu stjórnvöld hlúa að því og styðja.

Hver sem hefur þörf fyrir tákn mál skal eiga þess kost að læra og nota íslenskt tákn mál, jafnskjótt sem máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða daufblinda hefur greinst.

Viljum við benda á að íslenskt tákn mál er ekki fyrsta mál allra daufblindra einstaklinga eins og lesa mátti úr texta 3. greinarinnar. Íslenskt tákn mál er fyrsta mál sumra daufblindra einstaklinga en íslenska annarra. Viljum við mælast til að þetta verði orðað líkt og hér að neðan eða á annan sambærilegan hátt:

3. gr.

Íslenskt tákn mál.

DAUFBLINDRAFÉLAG ÍSLANDS

The Icelandic Association of the Deafblind
Hamrahlíð 17 105 Reykjavík Iceland


Íslenskt táknmál er fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og *hluta einstaklinga með daufblindu* og afkomenda þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta. Skulu stjórnvöld hlúa að því og styðja.

Hver sem hefur þörf fyrir táknmál skal eiga þess kost að læra og nota íslenskt táknmál, jafnskjótt sem máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða daufblinda hefur greinst.

Annað í frumvarpinu sjáum við ekki ástæðu til að benda á.

Virðingarfyllst

Fyrir hönd Daufblindrafélags Íslands



Hafdis María Tryggvadóttir

Framkvæmdarstjóri DBFÍ/Daufblindraráðgjafi